

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 14. október 2016 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 13. desember sl. Stefnandi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík. Stefndi er Bjarni Snæbjörn Jónsson, Stórakrika 29, Mosfellsbæ.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði 31.898.212 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. desember 2013 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda, en til vara lækkunar. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála áður en dómur var kveðinn upp.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit málsatvika

Ágreiningur aðila snýst um skyldu stefnda til að endurgreiða stefnanda lán sem stefndi tók hjá Landsbanka Íslands hf. með lánsamningi 21. desember 2004. Óumdeilt er að lánið tók stefndi til þess að fjármagna kaup á hlutabréfum í IMG þekkingarsköpun hf. en stefndi var meðal stjórnenda félagsins og átti fyrir 1,2% hlut í því. Hins vegar er verulegur ágreiningur með aðilum um túlkun þeirra lögskipta sem leiddu til töku lánsins svo og eftirfarandi framkvæmd lánssamningsins af hálfu Landsbanka Íslands hf. og síðar stefnanda.

Aðdragandi umræddra hlutafjárkaupa var sá að stjórnendur IMG þekkingarsköpunar hf. leituðu leiða til þess að styrkja félagið með hlutafjárukningu síðla árs 2004. Hinn 19. október 2004 mun þáverandi framkvæmdastjóri félagsins, Skúli Þór Gunnsteinsson, hafa kynnt þeim starfsmönnum sem til greina komu sem kaupendur minnisblað, sem lagt hefur verið fram í málinu, þar sem gerð er grein fyrir umfangi hlutafjárukningar og forsendum kaupa starfsmannanna. Kemur þar meðal annars fram að stefnt sé að því að auka hlutafé um allt að 200 milljónir króna með sölu á nýju hlutafé til lykilmanna félagsins, að lágmarksfjárhæð verði 10 milljónir en hámarksfjárhæð 20 milljónir króna. Hlutaféð verði greitt með skuldabréfum en félagið muni aðstoða kaupendur með gagnkvæmum kaup- og sölurétti svo og kaupskyldu gagnvart banka. Þá sé gert ráð fyrir 20% tryggingu af hálfu kaupenda í formi sjálfsskuldaábyrgðar, fasteignaveðs eða annarra trygginga sem bankinn samþykki. Einnig kemur fram í minnisblaðinu að gert sé ráð fyrir því að bankinn eigi handveð í hlutabréfunum, að bankanum sé skylt að gjaldfella skuldina og leysa til sín bréfin ef vanskil hafa varað í eitt ár, svo og að bankinn hafi sölurétt og félagið kauprétt vegna slíkra bréfa. Þá er fjallað nánar um þá starfsmenn sem til greina koma og meðal annars

tiltekið að um sé að ræða einstaklinga sem hafi töluverða greiðslugetu og þekki vel rekstur og horfur félagsins.

Fyrrgreindur lánessamningur var um svonefnt fjölmyntalán til þriggja ára að jafnvirði 25.000.000 króna í nánar tilteknum hlutföllum fjögurra erlendra mynta. Lánið bar að greiða að fullu á næstu þremur árum með einni afborgun í lok lánstímans 15. desember 2007. Vexti, sem miðaðir voru við ákveðið álag á svonefnda LIBOR-vexti, bar að greiða á sex mánaða fresti út lánstímann, í fyrsta skipti þann 15. júní 2005. Stefnda voru greiddar út 24.730.000 krónur en þá var búið að draga frá lántökugjald, 1,00%, af lánsfjárhæðinni og kostnað samkvæmt gr. 5.1. og 5.2. sammingsins. Stefndi hafði áður sett að handveði fimm milljónir króna sem varðveittar voru á bankareikningi hjá bankanum. Ekki er lengur deilt um að þeirri fjárhæð, að viðbættum vöxtum eða 5.075.154 krónum, var ráðstafað inn á höfuðstól lánsins 23. mars 2005. Til samræmis við ákvæði lánessammingsins gaf stefndi einnig út yfirlýsingu um handveð bankans í hlutabréfum sínum í IMG þekkingarsköpun hf. að nafnverði 2.358.491 króna. Er yfirlýsingin dagsett sama dag og lánessamningurinn.

Hinn 28. desember 2007 var gerður viðauki við lánessamninginn þar sem samið var um að lánið bæri að endurgreiða með einni afborgun í lok lánstímans þann 15. desember 2008. Ekki er annað komið fram en að afborganir vaxta hafi þá verið í skilum en af hálfu stefnda hefur verið vísað til þess að IMG þekkingarsköpun hafi skuldbundið sig gagnvart honum til að nýta arðgreiðslur af hlutabréfum til greiðslu vaxta. Hinn 29. janúar 2009 var gerður annar viðauki við lánessamninginn um framlengingu lánsins til 15. apríl 2009. Af hálfu stefnda er hins vegar lögð á það áhersla að báðar framlengingar hafi verið gerðar að frumkvæði stefnanda án þess að hann hafi óskað eftir þeim. Þá er einnig vísað til þess að gengi bréfa í IMG, sem þá hafi nefnst IMG Holding ehf., hafi verið 30 og andvirði bréfanna því nægt til þess að greiða upp lánið þegar síðari framlengingin rann út og lánið féll í gjalddaga.

Í greinargerð stefnda er greint frá því að í lok mars 2010 hafi stjórnarmenn og stjórnendur Capacent DK í Danmörku, sem var dótturfélag IMG, orðið þess áskynja að stefnandi hafði gengið til samninga við fyrrum eigendur rannsóknarfyrirtækisins Epinion, sem bankinn hafði aðstoðað Capacent DK við fjármögnun og kaup á, um að fyrrum eigendur Epinion, keyptu umrætt fyrirtæki út úr Capacent DK. Þetta hafi gengið eftir að tilstuðlan bankans. Þessar fréttir hafi komið stjórnendum og stjórnarmönnum Capacent DK og IMG algerlega í opna skjöldu. Stefnandi hafi skyndilega ákveðið að gjaldfella umrætt fjármögnunarlán Capacent DK og ganga að veði sem bankinn hafði í hlutabréfum Capacent DK í Epinion, þrátt fyrir að staðið hefðu yfir viðræður milli Capacent DK og bankans

um endurfjármögnun. Strax eftir þetta hafi Capacent DK verið lýst gjaldþrota með þeim afleiðingum að IMG hafi orðið gjaldþrota fljótlega þar á eftir. Stefnanda hafi mátt vera fullkomlega ljóst að svo myndi fara við þessa aðgerð sína. Þar með hafi hlutabréf þau sem stefnandi hafði að handveði frá stefnda orðið algerlega verðlaus. Stefndi telur að með þessu hafi stefnandi unnið beint gegn hagsmunum hans, svo sem nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um málsástæður og lagarök hans.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána og í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 endurreiknaði stefnandi lánið og tilkynnti stefnda um endurútreikninginn með bréfi 12. september 2011. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning voru 54.225.572 krónur og eftir endurútreikning 38.114.502 krónur. Í kjölfar dóma Hæstaréttar um fullnaðarkvittanir vegna greiðslu vaxta af gengistryggðum lánnum var endurútreikningur lánessamningsins leiðréttur og stefnda tilkynnt um þetta með bréfi 14. nóvember 2013. Staða lánsins samkvæmt bréfinu var 49.340.057 krónur fyrir endurútreikning, en eftir endurútreikning 31.898.212 krónur sem svarar til stefnufjárhæðar. Í bréfinu var krafist dráttarvaxta úr hendi stefnda einum mánuði frá dagsetningu bréfsins, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 eða frá 14. desember 2013 sem er einnig í samræmi við stefnukröfu.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi aðilaskýrslu. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir starfsmaður stefnanda, Skúli Þór Gunnsteinsson fyrrverandi framkvæmdastjóri IMG þekkingarsköpunar hf. og Kristján Kristjánsson fyrrverandi stjórnarformaður sama félags.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á framangreindum lánessamningi, eins og hann hefur síðar verið endurútreiknaður. Um aðild sína vísar hann til ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., hinn 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., til stefnanda. Hann vísar til þess að skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og byggir kröfuna á meginreglum kröfu- og sammingsréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og efnarskyldu loforða. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

Hann mótmælir málsástæðum stefnda um að lánessamningurinn sé ógildur á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar. Hann mótmælir því einnig að Landsbanki Íslands hf. eða stefnandi hafi brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eða öðrum skyldum í lögskiptum við stefnda. Þá er því mótmælt að þágildandi lög nr. 121/1994 um neytendalán geti leitt til þess að taka beri kröfur

stefnda til greina.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi telur að Landsbanki Íslands hf., og síðar stefnandi, hafi ekki gætt ýmissa þeirra grundvallarreglna sem gilda um bankaviðskipti af þeim toga sem hér um ræðir þannig að varði ógildingu þess lánsammans er málið snýst um.

Stefndi vísar til þess að hann hafi komið hvergi nærri lánsúmsókn eða skjalagerð tengdu láninu sem alfarið hafi verið framkvæmt af yfirmönnum hans hjá IMG. Ennfremur hafi stefndi ekki verið viðskiptamaður Landsbanka Íslands hf. (hér eftir „Landsbankans“). Stefndi hafi átt óverulegt hlutfé í félaginu á þessum tíma en látið til leiðast að taka þátt í ofangreindri hlutfjárúkningu í trausti þess að hann bæri enga persónulega áhættu. Landsbankanum sem lánveitanda hafi borið skylda til þess að kynna sér alla málavexti en hafi vanrækt að framkvæma sjálfstætt eða raunhæft mat á verðmæti félagsins eða framtíðarhorfum þess. Stefndi hafi tekið ákvörðun sína um að taka þátt í hlutfjárúkningunni í trausti þess og á þeirri forsendu að slíkt mat hefði farið fram. Stefnda hafi verið tjáð af yfirmönnum IMG að lánveitingar þessar væru einungis tryggðar með veði í hlutfé í félaginu og aldrei myndi koma til þess að á persónulega ábyrgð hans reyndi í þessu sambandi. Enda hafi það verið svo að IMG greiddi vexti af láninu framan af beint til bankans en seinna á lánstímabilinu hafi IMG séð um að fjármagna greiðslur vaxta sem þá fóru í gegnum reikning stefnda.

Útborgun lánsfjárhæðarinnar hafi farið frá Landsbankanum nánast viðstöðulaust í gegnum reikning stefnda í öðrum viðskiptabanka beint inn á reikning IMG. Stefndi hafi afhent bankanum viðkomandi hlutfé sem handveð fyrir láninu og lagt 5.000.000 króna inn á handveðsreikning bankans sem tryggingu, en að öðru leyti komið hvergi nærri. Þegar öll þessi ofangreindu atriði séu virt verði ekki litið öðruvísi á en svo að lántakan algerlega farið fram í þágu IMG og undirskrift stefnda sem lántaka hafi einungis verið til þess að uppfylla einhverjar formkröfur bankans. Aldrei hafi hins vegar staðið annað til en að IMG bæri endanlega ábyrgð á greiðslu lánanna. Undirskrift stefnda á lánsamninginn hafi því einungis verið til málamynda til að uppfylla verklagsreglur bankans.

Samkvæmt framangreindu er á því byggt af hálfu stefnda að um málamyndagerning hafi verið að ræða sem hann verði ekki bundinn við nema hvað varðar veðsetningu hlutabréfanna og inneign á handveðsettum bankareikningi. Beri af þessum sökum að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Stefndi bendir á að á þessum tíma hafi verið tíðkanlegt að bankar fjármögnuðu hlutabréfakaup fyrir félög og einstaklinga með þeim hætti að bankinn lánaði fyrir allri kaupfjárhæðinni, en kaupandinn ábyrgðist einungis 20%

lánsfjárhæðarinnar auk þess að veita lánveitanda handveð í hinum keyptum bréfum. Áhætta lántakans hafi því í raun aðeins numið 20% af lánsfjárhæðinni. Augljóst sé að lánaviðskipti þau sem hér er um fjallað hafi verið af þessum toga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á því að Landsbankinn hafi aldrei látið framkvæma lánshæfismat á stefnda í aðdraganda lánveitingarinnar eða látið honum í té helstu upplýsingar eða ráðgjöf um eðli og kjör lánveitingarinnar og áhættu af henni. Stefndi leggur áherslu á að hann hafi á þessum tíma hvorki verið stjórnarmaður í félaginu, framkvæmdastjóri þess eða fjármálastjóri. Hann vísar einnig til reglna um neytendalán sem séu ótvíræðar um að lánshæfismat eigi að fara fram með tilheyrandi upplýsingagjöf og ráðgjöf. Ljóst hafi verið að eignastaða og greiðslugeta stefnda stóðu engan veginn undir lántöku af þessari stærðargráðu og því ótvírætt að hann gat ekki greitt lánið til baka. Sú staðreynd að bankinn framkvæmdi ekki lánshæfismat sé enn eitt sannindamerkið um að bankinn hafi aldrei litið svo á að stefndi væri persónulega ábyrgur fyrir láninu og því talið lánshæfismat óþarft. Er á því byggt að stefnandi geti ekki staðið á skuldbindingargildi lánsammans af þessum ástæðum og vísað til 8. gr., 10. gr. og 25. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 svo og 2. gr., 4. gr., 5. gr. og 6. gr. samnefndra laga nr. 121/1994. Er talið að reglur laga nr. 33/2013, að því marki sem þau fólu í sér viðbótarvernd fyrir lántaka, hafi reynd gilt þegar atvik málsins áttu sér stað enda hafi lögin falið í sér lögfestingu á óskráðum reglum sem þá giltu. Einnig er vísað til 1. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og tilskipunar nr. 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, einkum 11. gr. Af öllu þessu leiði að það hljóti að teljast fullkomlega óeðlilegt og ósanngjarnt að stefndi beri áhættuna af þessum viðskiptum. Einnig er vísað til þess að stefndi hafi brotið gegn eigin útlánareglum sem í gildi voru á þessum tíma.

Á því er byggt af hálfu stefnda að á grundvelli ofangreindra málsaðstæðna, eigi 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa hér við og beri að víkja lánssamningnum til hliðar. Leiði ofangreind háttsemi bankans, brot á viðskiptavenjum og góðum viðskiptaháttum og aðrar málsástæður stefnda til þess að fullkomlega verði að telja ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera lánsamninginn fyrir sig. Því sé krafist sýknu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Fari svo ólíklega að ekki verði fallist á framangreindar málsástæður er ennfremur á því byggt að sú háttsemi stefnanda að krefja stefnda um uppgreiðslu lánsammansins brjóti gegn 33. gr. laga nr. 7/1936. Lagagrein þessi eigi hér við þar sem ótvírætt sé að óheiðarlegt verði talið að bera fyrir sig lánsamning sem til er kominn með þeim hætti sem hér um ræði. Bankinn hafi gerst sekur um að efna ekki skyldur sínar um að framkvæma lánshæfismat og miðla upplýsingum. Bankinn hafi hins vegar mátt vita að stefndi gæti aldrei staðið við greiðslu höfuðstóls

lánssamningsins. Enn fremur hafi bankinn í engu sinnt upplýsingaskyldu sinni.

Stefndi vísar einnig til þess að stefnandi hafi með aðgerðum sínum vegna svo nefnds Epinion-máls ónýtt veð það sem sett var í hlutabréfum stefnda í IMG og brotið þar með gegn skyldum sínum samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um samningsveð um að veðhafa sé skylt halda við veðinu þannig að tryggingaréttindi skaðist ekki. Þetta hafi að auki brotið gegn skyldum bankans til þess að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna í samræmi við fyrrgreinda 11. gr. tilskipunar 93/22/EB. Í tilviki stefnda hafi stefnandi sýnt algert skeytingarleysi um hagsmuni stefnda, sem verði vart skýrt með öðrum efnisrökum en þeim að bankinn hafi ávallt litið svo á að bankinn bæri alla áhættu af viðskiptum með þessi hlutabréf.

Varakrafa stefnda um lækkun er byggð á sömu rökum og málsástæðum og aðalkrafan.

Niðurstaða

Í málinu hefur stefnandi lagt fram frumrit áðurlýsts lánssamnings 21. desember 2004 að jafnvirði 25 milljónir króna sem hann byggir kröfu sína á. Þá er af hálfu stefnanda vísað til ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008, eins og henni var síðar breytt, þar sem lánasafn Landsbanka Íslands hf. var flutt til stefnanda eftir að bankinn hafði verið tekinn til slita. Í málinu liggur einnig fyrir að téður lánssamningur var framlengdur eftir umrædda ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, þ.e. 29. janúar 2009, og er það skjal undirritað af starfsmanni stefnanda sem kom þá fram sem eigandi lánsins gagnvart stefnda. Ekkert er komið fram í málinu sem gerir líklegt að önnur aðilaskipti hafi orðið að lánssamningnum, svo sem hreyft hefur verið af stefnda við aðalmeðferð málsins. Að mati dómsins er aðild stefnanda til sóknar í málinu því nægjanlega reifuð með tilvísun til umræddrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins og framlagningu lánasamningsins. Er málsástæða stefnda, sem fyrst kom fram við munnlegan flutning málsins, um að sýkna beri stefnda vegna aðildarskorts, því haldlaus. Í ljósi dómafrankvæmdar getur það enn fremur ekki haft þýðingu fyrir úrslit málsins á hvaða endanlegu kjörum stefnandi fékk téð kröfuréttindi framseld til sín úr slitabúi Landsbanka Íslands hf.

A

Svo sem áður greinir byggir stefndi málatilbúnað sinn að verulegu leyti á minnispunktum Skúla Þórs Gunnsteinssonar, þáverandi framkvæmdastjóra IMG þekkingarsköpunar hf., dagsettum 19. október 2004, þar sem kynntar voru forsendur hutabréfakaupa tiltekinna „lykilmanna“ félagsins, eins og þeir voru þar nefndir, þ.á m. stefnda. Vísar hann til þess að hann hafi tekið lán fyrir hlutabréfakaupunum á þeirri forsendu að ábyrgð hans væri takmörkuð við þá tryggingu sem hann innti af hendi svo og verðmæti hlutabréfanna sjálfra sem

Landsbanki Íslands hf. tók að handveði.

Af fyrrgreindu skjali verður ráðið að gert hafi verið ráð fyrir því að hlutabréfakaup starfsmannanna væru fjármögnuð með bankaláni og þá þannig að kaupendur inntu af hendi tryggingu fyrir 20% kaupverðs auk þess sem hlutaðeigandi banki fengi veð í hlutabréfum, svo og mögulega veð í enn öðrum bréfum lántakenda. Í skjalinu kemur fram að IMG þekkingarsköpun hf. hyggist aðstoða starfsmennina við kaupin með gagnkvæmum kaup- og sölurétti auk kaupskyldu gagnvart banka. Ber skjalið þannig með sér að félagið hafi verið reiðubúið til þess að axla kaupskyldu gagnvart hlutaðeigandi banka við þær aðstæður að bankinn leysti til sín hlutabréf vegna vanskila viðkomandi starfsmanns við bankann. Einnig verður ráðið af skjalinu að gert hafi verið ráð fyrir því að starfsmennirnir nytu söluréttar gagnvart félaginu þannig að áhætta þeirra af kaupunum og lánagerningum þeim tengdum væri í reynd takmörkuð. Af skjalinu verður hins vegar engan veginn dregin sú ályktun að kaupin hafi átt að fara fram á þeirri forsendu að ábyrgð kaupenda á láni sem þeir tækju til kaupanna væri takmörkuð við þá 20% tryggingu sem þeir legðu fram, svo og þau hlutabréf í félaginu sem viðkomandi banki tæki að veði. Þá fær slík ályktun um forsendur hinnar fyrirhuguðu lánveitingar hvorki stoð í framlögðum lánsamningi, öðrum skjallægum gögnum málsins né munnlegum framburði vitna fyrir dómi.

Fram er komið að samhliða kaupum stefnda á téðum hlutabréfum í desember 2004 gerði hann samning við IMG þekkingarsköpun hf. um sölurétt sinn á hlutabréfunum gagnvart félaginu. Samkvæmt 1. gr. samningsins, sem einnig er dagsettur 21. desember 2004, skyldi söluréttur stefnda verða virkur að tveimur árum liðnum eða 21. desember 2006 og gilda til 20. desember 2007. Þá var í greininni kveðið á um að söluverð skyldi nema 25 milljónum króna, að viðbættum verðbótum, en sú fjárhæð svaraði til höfuðstóls láns stefnda við Landsbanka Íslands hf. vegna hlutabréfakaupanna. Að mati dómsins er samningurinn í samræmi við þær forsendur sem fram koma fyrrgreindum minnisþingum Skúla Þórs Gunnsteinssonar og áður greinir.

Það er álit dómsins að hvorki hafi verið ósanngjarnt né óvenjulegt að við lánveitingu, svo sem þá sem hér um ræðir, bæri lántaki persónulega ábyrgð á endurgreiðslu lánsins. Svo sem áður greinir bera gögn málsins einnig með sér að ríkt tillit hafi verið til hagsmuna stefnda og þeirrar áhættu sem fólst í þróun á gengi hlutabréfa í IMG þekkingarsköpun hf. Hins vegar liggur fyrir að stefndi kaus sjálfur að eiga áfram hlutabréf sín og sneri sér hvorki að félaginu né lánveitanda í þeim tilgangi að selja þau eða ráðstafa þeim sem greiðslu inn á lánið. Að mati dómsins er því ekkert fram komið í málinu sem leitt getur til þess að umræddur lánsamningur teljist ógildur samkvæmt 33. gr., 36. gr. eða 36. gr. a til c laga nr. 7/1936 um

samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá telur dómurinn ekkert fram komið um að atvik við lánessamninginn hafi verið þess eðlis að brotið hafi verið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og lögnum hafði þá síðar verið breytt.

Hvað sem leið hugsanlegri vanrækslu starfsmanna Landsbanka Íslands hf. við að veita stefnda tilskildar upplýsingar samkvæmt þágildandi lögum um neytendalán nr. 121/1994 gat stefnda ekki dulist höfuðstóll þess láns sem hann tók hjá Landsbanka Íslands hf., lántökukostnaður, vaxtabyrði og gjalddagi. Hvað sem leið ákvæðum laganna og nánari ákvæðum í útlánareglum Landsbanka Íslands hf. bera gögn málsins einnig með sér að af hálfu bankans hafi verið lagt mat á greiðslugetu stefnda, sem var talinn einn af stjórnendum IMG þekkingarsköpunar hf. og með háskólamenntun í viðskiptafræðum, og hún metin traust. Stefndi hefur enga tilraun gert til þess að sýna fram á það með útreikningum að endugreiðsla lánsins, sem hefur verið endurreiknað sem íslenskt lán samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/2010, hafi orðið verulega umfram það sem hann mátti vænta. Geta fyrrgreind ákvæði laga hvorki leitt til þess að líta beri svo á að téður lánessamningur hafi verið ógildur frá upphafi né að lækka beri kröfu stefnanda með vísan til þeirra.

B

Í málinu hefur samningur um sölurétt Landsbanka Íslands hf. gagnvart IMG þekkingarsköpun hf. vegna umræddra hlutabréfaviðskipta ekki verið lagður fram. Fyrir dómi könnuðust vitni ekki heldur við að slíkur samningur hefði verið gerður. Til þess verður þó að líta að slíkur samningur átti að tryggja hagsmuni bankans við þær aðstæður að hann gengi að handveðsettum hlutabréfum stefnda í IMG þekkingarsköpun hf. Hefur stefndi engin haldbær rök fært fyrir því með hvaða hætti það braut gegn réttindum hans að engin slíkur samningur var gerður milli Landsbanka Íslands hf. og félagsins.

Samkvæmt aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi óskaði hann ekki eftir því á neinu stigi málsins að Landsbanki Íslands hf., og síðar stefnandi, leysti til sín þau hlutabréf sem bankinn hafði að handveði. Raunar er komið fram að á hluthafafundi IMG þekkingarsköpunar hf. 15. desember 2005 var hlutafé félagsins fært til niður í 0 krónur og nafni félagsins breytt í IDOXA hf. með vilyrði fimm stærstu hluthafanna um að auka hlutafé aftur í 10 milljónir. Kom fram í skýrslum fyrir dómi að umræddur gerningur hefði verið þáttur í því að stofna nýtt félag um rekstur IMG þekkingarsköpunar hf. og sameina hann rekstri KPMG ráðgjafar ehf. Kom jafnframt fram að stefndi hefði ekki verið einn þeirra sem átti áfram hlutafé í IDOXA hf. heldur hefði hlutafé hans verið skipt út fyrir hlutafé í hinu nýja félagi, IMG Holding ehf.

Hvað sem leið vitneskju starfsmanna Landsbanka Íslands hf., og síðar stefnanda, um þessa ráðstöfun er ljóst að eftir þetta tímamark var handveðréttur bankans í hlutabréfum samkvæmt handveðsyfirlýsingunni 21. desember 2004 í reynd marklaus og engar tryggingar vegna lánsins fyrir hendi. Hlaut stefnda við þessar aðstæður að vera ljóst að Landsbanki Íslands hf., og síðar stefnandi, gætu ekki gengið að bréfum hans í hinu nýja félagi, IMG Holding ehf. Þegar af þessari ástæðu gat bankanum, og síðar stefnanda, aldrei borið skylda til þess, eftir stofnun hins nýja félags, að takmarka tjón stefnda með því að leysa til sín umrædd bréf. Er málsástæðum stefnda þar að lútandi því hafnað. Af sömu ástæðum verður að hafna þeirri málsástæðu stefnda að stefnandi hafi með einhverjum hætti brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningi aðila eða lögum þegar fjármögnunarsamningur bankans við Capacent DK var gjaldfelldur og gengið var að veði í fyrirtækinu Epinion.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda að fallið væri frá þeirri málsástæðu til lækkunar kröfu stefnanda að innistæðu á handveðsettum reikningi að fjárhæð 5.000.000 króna hefði ekki verið ráðstafað til lækkunar höfuðstóls lánsins. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færð fram rökstudd andmæli við endurútreikningi á stefnanda á eftirstöðvum lánsins eða upphafsdegi dráttarvaxta. Verður því fallist á kröfu stefnanda eins og hún er fram sett og nánar greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 sem þykir hæfilega ákveðinn 1.200.000 króna að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ásgeir Jónsson lögmaður.

Af hálfu gagnstefnanda flutti málið Tómas Þorvaldsson lögmaður.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Bjarni Snæbjörn Jónsson, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 31.898.212 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. desember 2013 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon

